

HEILBRIGÐISNEFND
HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS
98. fundur –30. janúar 2006

Fundargerð

Fundur var haldinn í heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, mánudaginn 30. janúar 2006, að Garðatorgi 7, Garðabæ og hófst hann kl. 17:15. Mættir voru undirritaðir nefndarmenn auk Guðmundar H. Einarssonar, framkvæmdastjóra, sem ritaði fundargerð. Gestur Pétursson boðaði forföll og í hans stað mætti Bryndís Hilmarsdóttir.

Eftirfarandi mál voru tekin fyrir samkvæmt dagskrá:

1 Fundargerðir. fundar heilbrigðisnefndar frá 29. nóvember 2006.

Samþykkt.

2 Fundargerð 83. starfsmannafundar frá 25. janúar 2006

2.1 Starfsleyfi Starfsleyfi.

Garðabær

2.1.1 Bergás 1, Garðabæ - leikskóli.

Lögð fram umsókn Ágústu Arnardóttur, fh. Hjallastefnunnar ehf., kt. 540599-2039, dags. 30.11.2005, þar sem sótt er um leyfi til reksturs leikskóla að Bergási 1, Garðabæ. Endurnýjun. Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 12 ára, með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða

2.1.2 Garðatorg 7, Garðabæ - heilsugæsla.

Lögð fram umsókn Þórdísar Wium, fh. Heilsugæslunnar í Garðabæ, kt. 521005-0760, dags. 07.12.2005, þar sem sótt er um leyfi til reksturs heilsugæslustöðvar að Garðatorgi 7, Garðabæ. Endurnýjun. Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 12 ára, með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða

2.1.3 Hrísmóar 4, Garðabæ - verslun með fegrunar- og snyrtivörur.

Lögð fram umsókn Söndru Lárusdóttur, fh. Sandey ehf., kt. 690300-2730, dags. 16.12.2005, þar sem sótt er um leyfi til reksturs verslunar með fegrunar- og snyrtivörur að Hrísmóum 4, Garðabæ. Ný starfsemi. Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 12 ára.

2.1.4 Iðnbúð 4, Garðabæ - kökugerð.

Lögð fram umsókn Þorsteins Hilmarssonar, fh. Ísforms sf., kt. 550186-1959, dags. 13.01.2006, þar sem sótt er um leyfi til reksturs kökugerðar að Iðnbúð 4, Garðabæ. Ný starfsemi. Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerðar er samþykkt starfsleyfi, með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða.

2.1.5 Miðhraun 22c, Garðabæ - viðgerðaraðstaða.

Lögð fram umsókn Ragnars Þórarinssonar, fh., Særósar ehf., kt. 460695-2449, dags. 16.11.2005, þar sem sótt er um leyfi til reksturs viðgerðaraðstöðu að Miðhrauni 22c, Garðabæ. Ný starfsemi. Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 15 ára.

Hafnarfjörður

2.1.6 Arnarhraun 5, Hafnarfirði - hársnyrtistofa.

Lögð fram umsókn Önnu Pálsdóttur, kt. 241052-3899, dags. 30.11.2005, þar sem sótt er um leyfi til reksturs hársnyrtistofu að Arnarhrauni 5, Hafnarfirði.

Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 12 ára með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða.

2.1.7 Álfaskeið 16, Hafnarfirði - leikskóli.

Lögð fram umsókn Sigrúnar Kristinsdóttur, fh., Hafnarfjarðarkaupstaðar, kt. 590169-7579, dags. 01.12.2005, þar sem sótt er um leyfi til reksturs leikskóla að Álfaskeiði 16, Hafnarfirði.

Endurnýjun.

Fyrir liggur eftirlitsskýrsla dagsett 05.12.2005.

Fyrir liggur bréf heilbrigðisfulltrúa dags. 13.01.2006, þar sem óskað er eftir skriflegum upplýsingum um úrbætur í framhaldi af eftirlitsskýrslu.

Fyrir liggur bréf Svanlaugs Sveinssonar, verkefnisstjóra f.h. Hafnarfjarðarbæjar, dags. 23.01.2006.

Frestað

2.1.8 Bæjarhraun 2, Hafnarfirði - heilsurækt með heitum potti.

Lögð fram umsókn Leiknis Ágústssonar, fh., Technosport, kt. 680201-3230, dags.

13.12.2005, þar sem sótt er um leyfi til reksturs heilsuræktar með heitum potti að Bæjarhrauni 2, Hafnarfirði. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 12 ára með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða

2.1.9 Bæjarhraun 4, Hafnarfirði - gistiheimili.

Lögð fram umsókn Heimis Heimissonar, fh. Heimis og Þorgeirs ehf., kt. 560994-2229, dags.

29.12.2005, þar sem sótt er um leyfi til reksturs gistiheimilis að Bæjarhrauni 4, Hafnarfirði.

Eigendaskipti.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 12 ára með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða og að lokinni fullnaðarúttekt heilbrigðisfulltrúa.

2.1.10 Bæjarhraun 20, Hafnarfirði - matstofa.

Lögð fram að umsókn Sverris Víglundssonar, fh. Söluturnsins Bæjarhrauni ehf., kt. 681105-0340, dags. 10.01.2006, þar sem sótt er um leyfi til reksturs matstofu að Bæjarhrauni 20, Hafnarfirði. Eigendaskipti.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er samþykkt starfsleyfi til 12 ára með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða.

2.1.11 Dalshraun 11, Hafnarfirði - snyrti- og fóttaaðgerðastofa.

Lögð fram að nýju umsókn Önnu Valdimarsdóttur, kt. 181258-2419, dags. 20.09.2005, þar sem sótt er um leyfi til reksturs snyrti- og fóttaaðgerðarstofu, að Dalshrauni 11, Hafnarfirði.

Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er samþykkt starfsleyfi til 12 ára með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða.

2.1.12 Dalshraun 11, Hafnarfirði - heilsuræktarstöð.

Lögð fram að umsókn Jóns Þórðarsonar, fh. Heilsudalurinn ehf., kt. 540497-2149, dags.

09.01.2006, þar sem sótt er um leyfi til reksturs heilsuræktarstöðvar, að Dalshrauni 11, Hafnarfirði. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 12 ára með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða.

2.1.13 Dalshraun 11, Hafnarfirði - snyrtistofa.

Lögð fram að umsókn Sólveigar Birnu Gísladóttur, fh. Airbrush Sól sf., kt. 630605-0830, dags.

18.01.2006, þar sem sótt er um leyfi til reksturs snyrtistofu, að Dalshrauni 11, Hafnarfirði.

Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 12 ára með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða og þegar fyrir liggur að starfsemin er í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

2.1.14 Dalshraun 13, Hafnarfirði - byggingavöruverslun.

Lögð fram umsókn Hjalta Ólafssonar, fh. Vatnsvirkjans hf., kt. 671184-0929, dags. 16.12.2005, þar sem sótt er um leyfi til reksturs byggingavöruverslunar Dalshrauni 13, Hafnarfirði. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er samþykkt starfsleyfi til 12 ára.

2.1.15 Dalshraun 22, Hafnarfirði - félagsmiðstöð.

Lögð fram að umsókn Ólafs Ólafssonar, fh. Hafnarfjarðarbæjar., kt. 590169-7579, dags. 16.01.2006, þar sem sótt er um leyfi til reksturs félagsmiðstöðvar, að Dalshrauni 22, Hafnarfirði. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 12 ára með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða.

2.1.16 Drangahraun 12, Hafnarfirði - bifreiðaverkstæði.

Lögð fram umsókn Braga Jónssonar, f.h. Ördur ehf., kt. 610305-1640, dags. 18.01.2006, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bifreiðaverkstæðis að Drangahrauni 12, Hafnarfirði. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 15 ára, þegar fyrir liggur að starfsemin er í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

2.1.17 Flatahraun 21, Hafnarfirði - bifreiðaverkstæði.

Lögð fram umsókn Ómars Einarssonar, f.h. Virkinn ehf., kt. 501085-0229, dags. 17.01.2006, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bifreiðaverkstæðis að Flatahrauni 21, Hafnarfirði. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 10 ára, þegar fyrir liggur að starfsemin er í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

2.1.18 Fjarðargata 13-15, Hafnarfirði - heilsugæslustöð.

Lögð fram að umsókn Ingibjargar Ásgeirsdóttur, fh. Heilsugæslunnar Fjörður, kt. 521005-0760, dags. 16.01.2006, þar sem sótt er um leyfi til reksturs heilsugæslustöðvar, að Fjarðargötu 13-15, Hafnarfirði. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 12 ára með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða.

2.1.19 Fjarðargata 13-15, Hafnarfirði - framköllunarþjónusta, sérhæfð.

Lögð fram umsókn Alberts Steingrímssonar, fh. Filmur og framköllun ehf., kt. 690688-1829, dags. 09.12.2005, þar sem sótt er um leyfi til reksturs ljósmyndavöruverslunar og framköllunarþjónustu að Fjarðargötu 13-15, Hafnarfirði. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 5 ára.

2.1.20 Flatahraun 3, Hafnarfirði - félagsaðstaða með móttökueldhúsi.

Lögð fram umsókn Kolbrúnar Oddgeirsdóttur, fh. Félagsþjónustunnar í Hafnarfirði, kt. 460995-2139, dags. 14.12.2005, þar sem sótt er um leyfi til reksturs félagsaðstöðu með móttökueldhúsi, að Flatahrauni 3, Hafnarfirði. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er samþykkt starfsleyfi til 12 ára með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða.

2.1.21 Hjallabraut 33, Hafnarfirði - félagsaðstaða með móttökueldhúsi.

Lögð fram umsókn Kolbrúnar Oddgeirsdóttur, fh. Félagsþjónustunnar í Hafnarfirði, kt. 460995-2139, dags. 14.12.2005, þar sem sótt er um leyfi til reksturs félagsaðstöðu með móttökueldhúsi, að Hjallabraut 33, Hafnarfirði. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er samþykkt starfsleyfi til 12 ára með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða.

2.1.22 Hjallahraun 4, Hafnarfirði - viðgerðaraðstaða.

Lögð fram umsókn Þorsteins Péturssonar, f.h. Tæki .is, ehf., kt. 650399-2859 dags. 17.01.2006, þar sem sótt er um leyfi til reksturs viðgerðaraðstöðu að Hjallahrauni 4, Hafnarfirði. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 10 ára, þegar fyrir liggur að starfsemin er í samræmi við samþykkt notkun fasteignar.

2.1.23 Hringhella 6, Hafnarfirði - malbikunarstöð með breytilega staðsetningu.

Lögð fram umsókn Sigþórs Sigurðssonar, f.h. Hlaðbær-Colas ehf., kt. 420187-1499, dags. 16.01.2006, þar sem sótt er um leyfi til reksturs malbikunarstöð með breytilega staðsetningu að Hringhelli 6, Hafnarfirði. Endurnýjun

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 1 árs.

2.1.24 Íshella 2, Hafnarfirði - járn-, ál- og stálsmiðju.

Lögð fram umsókn Elíasar Ólafssonar, f.h. Gámþjónustunnar hf., kt. 410283-0349, dags. 02.12.2005, þar sem sótt er um leyfi til reksturs járn-, ál- og stálsmiðju að Íshelli 2, Hafnarfirði. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 15 ára, að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

2.1.25 Íshella 4, Hafnarfirði - stálsmiðja.

Lögð fram umsókn Kára Harðarsonar, f.h. Stálsmiðju Kára Harðar ehf., kt. 630805-1470, dags. 05.01.2006, þar sem sótt er um leyfi til reksturs stálsmiðju að Íshelli 4, Hafnarfirði. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 15 ára.

2.1.26 Íshella 4, Hafnarfirði - viðgerðaraðstaða.

Lögð fram umsókn Helgu Dóru Ólafsdóttur, f.h. Stuf ehf., kt. 520204-2610, dags. 05.01.2006, þar sem sótt er um leyfi til reksturs viðgerðaraðstöðu að Íshelli 4, Hafnarfirði. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 15 ára.

2.1.27 Klukkuberg 36, Hafnarfirði - tannlæknastofa.

Lögð fram umsókn Inga Gunnlaugssonar, kt. 190554-3339, dags. 19.12.2005, þar sem sótt er um leyfi til reksturs tannlæknastofu með bráðþjónustu að Klukkubergi 36, Hafnarfirði. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða mengunar- og hollustuháttareglugerða er samþykkt starfsleyfi til 4 ára.

2.1.28 Linnestígur 6, Hafnarfirði - hársnyrtistofa.

Lögð fram umsókn Guðrúnar Júlíusdóttur, fh. Hárgreiðslustofunnar Guðrúnar sf., kt. 500377-0469, dags. 24.11.2005, þar sem sótt er um leyfi til reksturs hárgreiðslustofu að Linnestíg 6, Hafnarfirði. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er samþykkt starfsleyfi til 12 ára með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða.

2.1.29 Norðurvangur 15b, Hafnarfirði - leikskóli með fullbúnu eldhúsi.

Lögð fram umsókn Önnu Borg, fh., Hafnarfjarðarkaupstaðar, kt. 590169-7579, dags. 19.12.2005, þar sem sótt er um leyfi til reksturs leikskóla með fullbúnu eldhúsi að Norðurvangi 15b, Hafnarfirði. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 12 ára með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2. mánaða.

2.1.30 Reykjavíkurvegur 62, Hafnarfirði - skyndibitastaður.

Lögð fram umsókn Elís Árnasonar, fh. Adesso ehf., kt. 500102-3060, dags. 10.01.2006, þar sem sótt er um leyfi til reksturs skyndibitastaðar að Reykjavíkurvegi 62, Hafnarfirði. Eigendaskipti.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerðar er samþykkt starfsleyfi með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða.

2.1.31 Reykjavíkurvegur 72, Hafnarfirði - sólbaðsstofa.

Lögð fram umsókn Hörpu Daggar Nóadóttur, f.h. Harpasól ehf. kt. 701105-1090, dags. 02.01.2006, þar sem sótt er um leyfi til reksturs sólbaðstofu að Reykjavíkurvegi 72, Hafnarfirði. Eigendaskipti.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 12 ára með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða.

2.1.32 Skútahraun 2, Hafnarfirði - bifreiðaverkstæði.

Lögð fram umsókn Hannesar Strange, f.h. Bílaumboðsins Öskju ehf., kt. 450704-2290, dags. 10.01.2006, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bifreiðaverkstæðis að Skútahrauni 2, Hafnarfirði. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 15 ára, þegar fyrir liggur að starfsemin er í samræmi við samþykktá notkun fasteignar.

2.1.33 Smárabarði 1, Hafnarfirði - leikskóli með fullbúnu eldhúsi.

Lögð fram umsókn Ingu Fríðu Tryggvadóttur, fh. Hafnarfjarðarkaupstaðar, kt. 590169-7579, dags. 13.12.2005, þar sem sótt er um leyfi til reksturs leikskóla með fullbúnu eldhúsi, að Smárabarði 1, Hafnarfirði. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er samþykkt starfsleyfi til 12 ára með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða.

2.1.34 Steinhella 10, Hafnarfirði - prentsmiðja.

Lögð fram umsókn Hilmars Sigurðssonar, f.h. Íslandsprents ehf., kt. 670803-3090, dags. 12.01.2006, þar sem sótt er um leyfi til reksturs prentsmiðju að Steinhellu 10, Hafnarfirði. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 15 ára, þegar fyrir liggur að starfsemin er í samræmi við samþykktá notkun fasteignar.

2.1.35 Strandgata 19, Hafnarfirði - hársnyrtistofa.

Lögð fram umsókn Guðrúnar Körlu Sigurðardóttur, fh. Nomine, kt. 680600-2790, dags. 29.11.2005, þar sem sótt er um leyfi til reksturs hársnyrtistofu að Strandgötu 19, Hafnarfirði. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er samþykkt starfsleyfi til 12 ára með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða.

2.1.36 Strandgata 32, Hafnarfirði - hársnyrtistofa.

Lögð fram umsókn Hallbergs Guðmundssonar, kt. 271144-4909, dags. 29.11.2005, þar sem sótt er um leyfi til reksturs hársnyrtistofu að Strandgötu 32, Hafnarfirði. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er samþykkt starfsleyfi til 12 ára með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða.

2.1.37 Trönuhraun 10, Hafnarfirði - bakarí.

Lögð fram að umsókn Davíðs Arnórssonar, fh. P.a.s.s.i.o.n Reykjavík ehf., kt. 661004-2740, dags. 13.01.2006, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bakarís, að Trönuhrauni 10, Hafnarfirði. Eigendaskipti.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerðar er samþykkt starfsleyfi með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða.

2.1.38 Trönuhraun 10, Hafnarfirði - krá með veitingum.

Lögð fram að umsókn Friðriks Ingasonar, fh. T-10 ehf., kt. 600204-3780, dags. 10.01.2006, þar sem sótt er um leyfi til reksturs krár með veitingum, að Trönuhrauni 10, Hafnarfirði. Eigendaskipti.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er samþykkt starfsleyfi til 12 ára með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða.

Kópavogur

2.1.39 Askalind 7, Kópavogi - málmsmíðaverkstæði.

Lögð fram umsókn Rúts Eggertssonar, fh. Járnfags ehf., kt. 631001-3190 dags. 11.01.2006, þar sem sótt er um leyfi til málmsmíðaverkstæðis að Askalind 7, Kópavogi. Ný starfsemi. Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 10 ára.

2.1.40 Arnarsmári 34, Kópavogi - leikskóli með fullbúnu eldhúsi.

Lögð fram umsókn Brynju Bjarkar Kristjánsdóttur, fh., Kópavogsbæjar, kt. 700169-3759, dags. 23.01.2006, þar sem sótt er um leyfi til reksturs leikskóla með fullbúnu eldhúsi að Arnarsmára 34, Kópavogi. Endurnýjun. Með vísun til ákvæða matvæla- hollustuháttareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 12 ára með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða.

2.1.41 Álfkonuhvarf 17, Kópavogi - leikskóli með fullbúnu eldhúsi.

Lögð fram umsókn Bjarna Þórarinssonar, fh., Náttúruleikskólans, kt. 681005-0800, dags. 17.01.2006, þar sem sótt er um leyfi til reksturs leikskóla með fullbúnu eldhúsi að Álfkonuhvarfi 17, Kópavogi. Ný starfsemi. Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 12 ára með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða.

2.1.42 Bakkabraut 9, Kópavogi - framleiðsla á byggingarefni úr steinsteypu.

Lögð fram umsókn Þórhalls Kárasonar, fh. Einingaverksmiðjunnar Borg ehf., kt. 461004-2880 dags. 05.12.2005, þar sem sótt er um leyfi til framleiðslu á byggingarefni úr steinsteypu að Bakkabraut 9, Kópavogi. Ný starfsemi. Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 5 ára.

2.1.43 Bæjarlind 14-16, Kópavogi - sólbaðstofa.

Lögð fram umsókn Hörpu Daggar Nóadóttur, f.h. Harpasól ehf. kt. 701105-1090, dags. 02.01.2006, þar sem sótt er um leyfi til reksturs sólbaðstofu að Bæjarlind 14 – 16, Kópavogi Eigendaskipti. Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 12 ára með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða.

2.1.44 Engihjalli 8, Kópavogur - matvöruverslun.

Lögð fram umsókn Prapasiri Sareekhad, fh. Praya I C'art Queen ehf., kt. 520505-0240, dags. 10.01.2006, þar sem sótt er um leyfi til reksturs matvöruverslunar að Engihjalla 8, Kópavogi. Ný starfsemi. Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerðar er samþykkt starfsleyfi, með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða.

2.1.45 Engihjalli 8, Kópavogur - matsölustaður.

Lögð fram umsókn Sigurjóns Sigmundssonar, fh. Tveir bræður ehf., kt. 451205-1530, dags. 13.12.2005, þar sem sótt er um leyfi til reksturs matsölustaðar að Engihjalla 8, Kópavogi. Eigendaskipti. Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er samþykkt starfsleyfi til 12 ára með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða.

2.1.46 Hagasmári 1, Kópavogur - kaffistofa.

Lögð fram umsókn Sigmundar Dýrfjörð, fh. Te og kaffi ehf., kt. 530484-0179, dags. 02.12.2005, þar sem sótt er um leyfi til reksturs kaffistofu að Hagasmára 1, Kópavogi. Ný starfsemi. Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerðar er samþykkt starfsleyfi með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða.

2.1.47 Hagasmári 1, Kópavogur - verslun með vörur sem innihalda varasöm efni.

Lögð fram umsókn Hallgríms Ingólfssonar, fh. Byggt og búið ehf., kt. 590299-2199, dags. 09.12.2005, þar sem sótt er um leyfi til reksturs verslunar með vörur sem innihalda varasöm efni að Hagasmára 1, Kópavogi. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 12 ára.

2.1.48 Hagasmári 1, Kópavogur - verslun með fegrunar- og snyrtivörur.

Lögð fram umsókn Ragnhildar Pétursdóttur, fh. Odds Péturssonar ehf., kt. 570591-1429, dags. 09.12.2005, þar sem sótt er um leyfi til reksturs verslunar með fegrunar- og snyrtivörur að Hagasmára 1, Kópavogi. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 12 ára.

2.1.49 Hamraborg 1-3, Kópavogi - kaffistofu.

Lögð fram umsókn Kolbrúnar Guðmundsdóttur, fh., Kaffibúðarinnar ehf., kt. 431204-3710, dags. 09.01.2006, þar sem sótt er um leyfi til reksturs kaffistofu að Hamraborg 1-3, Kópavogi. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er mælt með samþykkt starfsleyfi með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða.

2.1.50 Hamraborg 5, Kópavogi - tannlæknastofa.

Lögð fram umsókn Kristínar Snæland, fh., TKS ehf., kt. 580105-1570, dags. 23.01.2006, þar sem sótt er um leyfi til reksturs tannlæknastofu að Hamraborg 5, Kópavogi. Ný starfsemi. Með vísun til ákvæða mengunar- og hollustuháttareglugerða er samþykkt starfsleyfi til 10 ára, þegar fyrir liggur að starfsemin er í samræmi við samþykka notkun fasteignar.

2.1.51 Hamraborg 8, Kópavogi - heilsugæslustöð.

Lögð fram umsókn Sigríðar Pálmadóttur, fh., Heilsugæslunnar í Kópavogi, kt. 521005-0760, dags. 14.12.2005, þar sem sótt er um leyfi til reksturs heilsugæslustöðvar að Hamraborg 8, Kópavogi. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er samþykkt starfsleyfi til 12 ára með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða.

2.1.52 Hamraborg 8, Kópavogi - verslun með fegrunar- og snyrtivörur.

Lögð fram umsókn Arnórs Hallssonar, fh., Lyf og heilsa ehf., kt. 650299-2649, dags. 19.01.2006, þar sem sótt er um leyfi til reksturs verslunar með fegrunar- og snyrtivörur að Hamraborg 8, Kópavogi. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er samþykkt starfsleyfi til 12 ára með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða.

2.1.53 Hamraborg 11, Kópavogi - skyndibitastaður.

Lögð fram umsókn Skúla Sigfússonar, fh., Stjörnunnar ehf., kt. 410949-0169, dags. 12.12.2005, þar sem sótt er um leyfi til reksturs skyndibitastaðar að Hamraborg 11, Kópavogi. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er samþykkt starfsleyfi til 12 ára með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða

2.1.54 Hlíðarsmári 8, Kópavogi - verslun með fegrunar- og snyrtivörur.

Lögð fram umsókn Guðrúnar Gunnarsdóttur, fh., Heggís ehf., kt. 630103-2580 dags. 01.12.2005, þar sem sótt er um leyfi til reksturs verslunar með fegrunar og snyrtivörur að Hlíðarsmára 8, Kópavogi. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 12 ára.

2.1.55 Kópavogsbraut 19, Kópavogur - leikskóli með fullbúnu eldhúsi.

Lögð fram umsókn Unnar Stefánsdóttur, fh., Kópavogsbæjar, kt. 700169-3759, dags. 25.01.2006, þar sem sótt er um leyfi til reksturs leikskóla með fullbúnu eldhúsi að Kópavogsbraut 19, Kópavogi. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 12 ára með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða.

2.1.56 Núpaland 1-3, Kópavogur - skyndibitastaður

Lögð fram umsókn Elís Árnasonar, fh. Adesso ehf., kt. 500102-3060, dags. 10.01.2006, þar sem sótt er um leyfi til reksturs skyndibitastaðar að Núpaland 1-3, Kópavogi. Eigendaskipti. Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerðar er samþykkt starfsleyfi ára með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða.

2.1.57 Núpaland 3, Kópavogur - leikskóli með fullbúnu eldhúsi.

Lögð fram umsókn Bjarkar Óttarsdóttur, fh., Kópavogsbæjar, kt. 700169-3759, dags. 12.01.2006, þar sem sótt er um leyfi til reksturs leikskóla með fullbúnu eldhúsi að Núpaland 3, Kópavogi. Endurnýjun. Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 12 ára með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2. mánaða

2.1.58 Salavegur 4, Kópavogur - leikskóli með fullbúnu eldhúsi.

Lögð fram umsókn Margrétar Magnúsdóttur, fh., Kópavogsbæjar, kt. 700169-3759, dags. 16.01.2006, þar sem sótt er um leyfi til reksturs leikskóla með fullbúnu eldhúsi að Salavegi 4, Kópavogi. Endurnýjun. Með vísun til ákvæða matvæla- hollustuháttareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 12 ára með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2. mánaða

2.1.59 Skólatröð, Kópavogur - leikskóli.

Lögð fram umsókn Unnar Stefánsdóttur, fh., Kópavogsbæjar, kt. 700169-3759, dags. 25.01.2006, þar sem sótt er um leyfi til reksturs leikskóla án eldhúss að Skólatröð, Kópavogi. Endurnýjun. Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 12 ára með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða.

2.1.60 Smiðjuvegur 5, Kópavogi - verslun með vörur sem innihalda varasöm efni.

Lögð fram umsókn Rafns Rafnssonar, fh. Skólavörubúðarinnar ehf., kt. 440399-2909, dags. 09.12.2005, þar sem sótt er um leyfi til reksturs verslunar með vörur sem innihalda varasöm efni að Smiðjuvegi 5, Kópavogi. Endurnýjun. Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 12 ára.

2.1.61 Smiðjuvegur 9, Kópavogi - verslun með vörur sem innihalda varasöm efni.

Lögð fram umsókn Kristins Ólafssonar, fh. Europro ehf., kt. 460104-2030, dags. 24.01.2006, þar sem sótt er um leyfi til reksturs verslunar með vörur sem innihalda varasöm efni að Smiðjuvegi 9, Kópavogi. Endurnýjun. Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 12 ára.

2.1.62 Smiðjuvegur 11a, Kópavogi - verslun fegrunar- og snyrtivörur.

Lögð fram umsókn Guðmundar Sigurðssonar, fh. Termu ehf., kt. 681290-2499, dags. 13.12.2005, þar sem sótt er um leyfi til reksturs verslunar með fegrunar- og snyrtivörur að Smiðjuvegi 11a, Kópavogi. Ný starfsemi. Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 12 ára.

2.1.63 Smiðjuvegur 42d-46d, Kópavogi - byggingavöruverslun.

Lögð fram umsókn Hjálta Ólafssonar, fh. Vatnsvirkjans hf., kt. 671184-0929, dags. 16.12.2005, þar sem sótt er um leyfi til reksturs byggingavöruverslunar að Smiðjuvegi 42d-46d, Kópavogi. Ný starfsemi. Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 12 ára.

2.2 Umsagnir.

Álftanes

2.2.1 Breiðamýri, Álftanes - veitingaleyfi.

Lagt fram bréf frá sýslumanninum í Hafnarfirði, dags. 15.12.2005 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Þórðar Kristleifssonar, fh., Lionsklúbbsins á Álftanesi, kt. 690385-0669, um

veitingaleyfi fyrir íþróttamiðstöðina á Álftanesi, þann 28. janúar frá kl. 19:00-03:00. Óskað er eftir leyfi fyrir 400 manns.
Jákvæð umsögn staðfest.

Garðabær

2.2.2 Ásgarður, Garðabær - veitingaleyfi.

Lagt fram bréf frá sýslumanninum í Hafnarfirði, dags. 13.12.2005 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Sigurðar Guðmundssonar, fh., Knattspyrnudeildar Stjórnunnar, kt. 580589-1389, um veitingaleyfi fyrir íþróttahúsið Ásgarð í Garðabæ, þann 20. janúar frá kl. 19:00-03:00.
Jákvæð umsögn staðfest.

Hafnarfjörður.

2.2.3 Bæjarhraun 4, Hafnarfirði - gistihúsaleyfi.

Lagt fram að nýju bréf frá sýslumanninum í Hafnarfirði, dags. 02.11.2005 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Heimis Heimissonar, fh. Heimis og Þorgeirs ehf., kt. 560994-2229, á endurnýjun á leyfi fyrir Gistiheimilið Berg, Bæjarhrauni 4, Hafnarfirði.
Jákvæð umsögn samþykkt að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa

2.2.4 Dalshraun 11, Hafnarfirði - vínveitingaleyfi

Lagt fram bréf frá Hafnarfjarðarbæ, dags. 01.01.2006 þar sem óskað er umsagnar á umsókn um endurnýjun áfengisveitingaleyfis fyrir Síam ehf., kt. 680301-2980, Dalshrauni 11, Hafnarfirði.
Umsækjandi er Stefanía S. Björnsdóttir, Bjarnastaðavör 2, Álftanesi.
Jákvæð umsögn samþykkt m.t.t. svipmóts.

2.2.5 Kaplakriki - Hafnarfjörður

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði, dags. 10.01.2006 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Pétur Stephensen, fyrir hönd Knattspyrnudeildar FH, sem sækir um veitingaleyfi í íþróttahúsinu Kaplakrika, við Flatahraun, Hafnarfirði, vegna þorrablóts sem fyrirhugað er að halda 04.02.2006.
Jákvæð umsögn samþykkt.

2.2.6 Reykjavíkurvegur 62, Hafnarfirði, - veitingaleyfi.

Lagt fram bréf frá sýslumanninum í Hafnarfirði, dags. 15.12.2005 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Elísar Árnasonar, um veitingaleyfi fyrir pizzustaðinn Papinos á Reykjavíkurvegi 62, Hafnarfirði. Elís mun taka við staðnum 16. desember 2005. Rekstraraðili er Adesso ehf., kt. 500102-3060.
Jákvæð umsögn samþykkt.

2.2.7 Trönuhraun 10, Hafnarfirði - vínveitingaleyfi

Lagt fram bréf frá Hafnarfjarðarbæ, dags. 08.12.2005 þar sem óskað er umsagnar á umsókn um nýtt áfengisleyfi (nýr aðili hefur tekið við rekstri staðarins) fyrir Áttuna/T-10 ehf., Trönuhrauni 10, Hafnarfirði.
Umsækjandi er Friðrik Örn JörgenSSon, kt. 300980-4149
Jákvæð umsögn samþykkt m.t.t. svipmóts.

Kópavogur

2.2.8 Digranesvegur, Kópavogi - íþróttahús.

Lagt fram að bréf sýslumannsins í Kópavogi, dags. 17.01.2006 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Avion Group, kt. 660288-1049, sem sækir um tækifæris skemmtanaleyfi í íþróttahúsi HK við Digranes í Kópavogi, þann 21. janúar nk, með u.þ.b. 1000 gestum.
Jákvæð umsögn staðfest.

2.2.9 Engihjalli 8, Kópavogi - veitingaleyfi.

Lagt fram að bréf sýslumannsins í Kópavogi, dags. 18.01.2006 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Margrétar Örnólfsdóttur, fh. Tveir bræður ehf., kt. 481205-1530, sem sækir um leyfi til að reka veitingastofu að Engihjalla 8, í Kópavogi.
Jákvæð umsögn staðfest.

2.2.10 Hamraborg 11, Kópavogi - veitingaleyfi.

Lagt fram að bréf sýslumannsins í Kópavogi, dags. 19.12.2005 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Skúla Sigfússonar, fh. Stjórnunnar ehf., kt. 410949-0169, sem sækir um leyfi til að reka veitingastofu að Hamraborg 11, í Kópavogi.
Jákvæð umsögn samþykkt.

2.2.11 Rjúpnasalir 1, Kópavogi - vínveitingaleyfi.

Lagt fram að bréf bæjarlögmannsins í Kópavogi, dags. 19.12.2005 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Sveins Guðmundssonar, kt. 221246-6839, sem sækir um leyfi til áfengisveitinga í veitingahúsinu Sala Grill, Rjúpnasölum 1, Kópavogi.
Jákvæð umsögn samþykkt m.t.t. svipmóts.

2.2.12 Núpalind 3, Kópavogi - veitingaleyfi.

Lagt fram að bréf sýslumannsins í Kópavogi, dags. 20.12.2005 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Elísar Árnasonar, fh. Adesso ehf., kt. 500102-3060, sem sækir um leyfi til að reka veitingastofu að Núpalind 3, í Kópavogi.
Jákvæð umsögn samþykkt.

2.2.13 Nýbýlavegur 20, Kópavogi - vínveitingaleyfi.

Lagt fram að bréf bæjarlögmannsins í Kópavogi, dags. 12.12.2005 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Teits Minh Phuoc, kt. 290660-7349, sem sækir um endurnýjun eldra leyfis til áfengisveitinga í veitingahúsinu Kínahofið, Nýbýlavegi 20, Kópavogi.
Jákvæð umsögn m.t.t. svipmóts staðfest .

2.3 Tóbakssöluleyfi

Hafnarfjörður

2.3.1 Bæjarhraun 20, Hafnarfirði - mötuneyti.

Lögð fram umsókn Sverris Víglundssonar, dags. 10.01.2006 þar sem sótt er um tóbakssöluleyfi fyrir Söluturninn, Bæjarhrauni 20, Hafnarfirði.
Rekstraraðili er Söluturninn Bæjarhrauni ehf., kt. 681105-0340.
Samþykkt.

Kópavogur

2.3.2 Hófgerði 30, Kópavogi - matvöruverslun.

Lögð fram umsókn Ómars Valdimarssonar, dags. 20.01.2006 þar sem sótt er um endurnýjun tóbakssöluleyfis fyrir Samkaup strax, Hófgerði 30, Kópavogi.
Rekstraraðili er Samkaup hf., kt. 571298-3769.
Samþykkt.

2.3.3 Salavegur 2, Kópavogi - matvöruverslun.

Lögð fram umsókn Ómars Valdimarssonar, dags. 20.01.2006 þar sem sótt er um endurnýjun tóbakssöluleyfis fyrir Nettó, Salavegi 2, Kópavogi.
Rekstraraðili er Samkaup hf., kt. 571298-3769.
Eftirlitsskýrsla liggur fyrir.
Samþykkt.

2.4 Annað

2.4.1 Örveruástand á grillkjöti og sviðum, júlí – október 2005.

Eftirlitsverkefni, Umhverfisstofnunar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga 2005 lagt fram.
Niðurstöður birtar á síðu Umhverfisstofnunar, www.ust.is

2.4.2 Upplýsingablað Umhverfisstofnunar nr. 11.

Lagt fram til kynningar upplýsingablað Umhverfisstofnunar nr. 11.
Mengun frá útiofnum.

3 Hljóðvist á nýbyggingarsvæðum

3.1 Vesturvör 13, Kópavogi

Lagt fram erindi Tæknideildar Kópavogs frá 20. desember 2005, þar sem óskað er heimildar til beitingar fráviksgilda vegna hljóðstigs, samkvæmt viðauka í reglugerð um hávaða nr. 933/1999, með síðari breytingum. Um er að ræða byggingu íbúðarhúss að Vesturvör 13 í Kópavogi.

Samráð hefur verið haft við Umhverfisstofnunar og var lagt fram erindi stofnunarinnar frá 18. janúar 2006.

Eftirfarandi bókun var gerð:

"Heilbrigðisnefnd fellst á að beita megi fráviki II samkvæmt reglugerð 933/1999, um hávaða fyrir íbúðabyggð að Vesturvör 13. Beitingu fráviks II í reglugerð má aðeins heimila þegar íbúðir hafi kyrrláta hlið og hljóðstig undir 55 dB(A) á þeirri hlið. Samkvæmt leiðréttum hljóðútreikningum liggur fyrir að hljóðstig í hluta af íbúðum á byggingasvæðinu verður undir 55 dB(A) fyrir utan opnanlega glugga.

Atvinnurekstur er á lóðunum við Kársnesbraut 96a og Vesturvör 11 og frávik II tekur eingöngu til umferðarhávaða. Hávaði frá atvinnustarfssemi á alltaf að vera undir 55 dB á jarðhæð íbúðarhúss, utan við opnanlega glugga á daginn, 50 dB á kvöldin og um helgar og 40 dB á nóttinni miðað við jafngildishljóðstig fyrir viðkomandi tímabíl. Ávallt verður að tryggja viðunandi loftskipti og að hljóðstig innanhúss verði undir 30 dB(A)."

3.2 Kópavogstún, Kópavogi

Lagt fram erindi Tæknideildar Kópavogs frá 20. desember 2005 þar sem óskað er heimildar til beitingar fráviksgilda vegna hljóðstigs, samkvæmt viðauka í reglugerð um hávaða nr. 933/1999, með síðari breytingum. Um er að ræða nýbyggingasvæði í eldri byggð og endurnýjun byggðar sem fyrir er.

Samráð hefur verið haft við Umhverfisstofnun og var lagt fram erindi stofnunarinnar frá 18. janúar 2006.

Eftirfarandi bókun var gerð:

"Beitingu fráviks II samkvæmt reglugerð nr. 933/1999 má aðeins heimila þegar íbúðir hafi kyrrláta hlið og hljóðstig undir 55 dB(A) á þeirri hlið. Hönnun íbúðarhúsnæðis liggur ekki fyrir en heilbrigðisnefnd telur að beita megi fráviki II samkvæmt reglugerðinni þar sem bæði er um nýbyggingarsvæði í eldri byggð að ræða og endurnýjun byggðar sem fyrir er ef fullnægt verði hljóðvistarkröfum þeim sem fram koma í umsógn Umhverfisstofnunar frá 18. janúar 2006 við hönnun íbúða."

4 Aðalskipulag Sveitarfélagsins Álftaness

Lagt fram erindi Sveitarfélagsins Álftaness frá 4. janúar 2006 varðandi kynningu á tillögu að aðalskipulagi Álftaness 2005-2024.

Heilbrigðisnefnd hefur komið athugasemdum að í skipulagsvinnunni og telur að tillaga að aðalskipulagi ásamt greinargerð sé þannig að á Álftanesi eigi að geta verið samfélag í góðu umhverfi.

5 Aðalskipulag Garðabæjar

Lagt fram erindi Garðabæjar frá 21. desember 2005 varðandi kynningu á tillögu aðalskipulagi Garðabæjar 2004-2016.

Heilbrigðisnefnd hefur komið athugasemdum að í skipulagsvinnunni og telur að tillaga að aðalskipulagi og greinargerð sé þannig að í Garðabæ eigi að geta verið samfélag í góðu umhverfi.

6 Aðalskipulag Hafnarfjarðar og skipulagsuppráttur fyrir Krýsuvík

Lagt fram erindi Hafnarfjarðarbæjar frá 25. janúar 2006 þar sem óskað er umsagnar um tillögu að aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005-2025 og skipulagsupprátt Krýsuvíkur ásamt greinargerðum. Tillögurnar hafa verið sendar Skipulagsstofnun til umsagnar.

Eftirfarandi bókun var gerð:

„Heilbrigðisnefnd leggst gegn lagningu vegar á grannsvæði jafn nærri vatnsbólunum í Kaldárbotnum og tillaga gerir ráð fyrir. Heilbrigðisnefnd bendir Bæjarstjórn Hafnarfjarðar á nauðsyn þess að gæta fyllstu varúðar varðandi öryggi vatnstökusvæðisins í Kaldárbotnum. Í neysluvatnsöfluninni felst mikil auðlind og ekki liggja fyrir rannsóknir sem sýna að afla megi jafn góðs neysluvatns á jafn auðveldan hátt á öðrum stað. Ítrekar nefndin tillögu sína til bæjarstjórnar Hafnarfjarðar frá fundi nefndarinnar þann 27. júní 2005 um að Helgafell og svæðið næst friðaða brunnsvæði vatnsbólans verði í skipulagi afmarkað sem útivistarsvæði fyrir göngufólk.

Jafnframt bendir heilbrigðisnefnd á að íbúðarbyggð má ekki staðsetja á þynningarsvæði vegna mengunar.”

Þá gerir heilbrigðisnefnd fyrirvara um afmörkun vatnsverndarsvæðis fyrir vatnsbólíð í Krýsuvík. Ákvörðun um legu og flokkun verður að vera í samræmi við ákvæði reglugerða og byggja á nægjanlegum upplýsingum um jarðfræði svæðisins, áætlað grunnvatnsflæði og aðra mikilvæga umhverfisþætti.

7 Drög að ársskýrslu 2005

Lögð fram drög að ársskýrslu 2005 og farið yfir nokkur atriði í starfseminni á liðnu ári. Umræðu frestað til næsta reglulegs fundar.

8 Loftgæði

Tore Skjenstad, heilbrigðisfulltrúi mætti á fundinn vegna þessa dagskrárliðar og fór yfir helstu atriði úr framkvæmd mælinga á árinu 2005

8.1 Loftgæðamælingar

Farið yfir stöðu loftgæðamælinga og helstu niðurstöður 2005. Stefnt verður að framlagningu stöðumatsskýrslu á næsta reglulegum fundi nefndarinnar.

8.2 Mælingar á loftgæðum í nágrenni álversins í Straumsvík.

Lagt fram fundarboð lðnaðar- og viðskiptaráðuneytis frá 3. janúar 2006 um framtíðarfyrirkomulag loftgæðamælinga í nágrenni álversins í Straumsvík.

Eftirfarandi tillaga kom fram:

“Heilbrigðisnefnd telur að stefna beri að rekstri einnar fastrar loftgæðamælistöðvar í Hafnarfirði í nánd við lðnaðarsvæðið í Hellna- og Kapelluhrauni á næstu árum og a.m.k. rekstri einnar færanlegrar loftgæðamælistöðvar við helstu umferðaræðar í umdæmi nefndarinnar.”

Umræðu frestað til næsta reglulegs fundar nefndarinnar.

8.3 Mælingar á flúor í gróðursýnum árið 2004

Lögð fram skýrsla lðntæknistofnunar og Ísal um sýnatöku og niðurstöður vegna flúormælinga í gróðursýnum o.fl. í nágrenni álbræðslunnar í Straumsvík árið 2004. Skýrslan er dags. í nóv. 2005.

Niðurstöður sýna óverulega hækkun flúors í gróðri frá mælingum síðustu ára.

9 Deiliskipulag, Undirhlíðar, Hafnarfirði

Lögð fram auglýsing um deiliskipulag Undirhlíðar, Hafnarfirði, ásamt greinargerð og skipulagsskilmálum dags. 21.12.2005.

Lagt fram afrit af bréfi heilbrigðiseftirlitsins frá 9. nóvember 2005 vegna deiliskipulagstillögu fyrir Undirhlíðar í Hafnarfirði.

Eftirfarandi athugasemd er gerð:

“Taka þarf reiðstíg út af deiliskipulagskorti. Stígurinn er ekki í samræmi við gildandi aðalskipulag né fullnægir kröfum um vatnsvernd.”

10 Hnoðraholt, Smalaholt og Rjúpnahæð. Breytt aðalskipulag. Deiliskipulag.

Lagt fram erindi Kópavogsbæjar frá 3. janúar 2006 um Hnoðraholt, Smalaholt og Rjúpnahæð. Breytt aðalskipulag. Deiliskipulag. Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemd við tillögurnar. Loftur Þór Pétursson situr hjá við afgreiðslu þessa liðar.

11 Önnur mál

11.1 Fráveitunefnd Umhverfiráðuneytis

Lagt fram afrit af erindi Fráveitunefndar Umhverfisráðuneytis frá 20. desember 2005 til Hafnarfjarðarbæjar varðandi styrkhæfni framkvæmda.

11.2 Samþykkt um umgengni á hestúsasvæði Andvara

Lagt fram bréf Garðabæjar frá 24. janúar 2006 varðandi gerð samþykktar um umgengni á hestúsasvæði Andvara sbr. bréf hestamannafélagsins Andvara, frá 12. janúar s.l. Samþykkt að vinna tillögu að heilbrigðissamþykkt.

11.3 Málsmeðferðarreglur vegna vínveitingaleyfa

Lagt fram erindi Hafnarfjarðarbæjar frá 11. janúar 2006 þar sem leitað er umsagnar um málsmeðferðarreglur Hafnarfjarðarbæjar vegna vínveitingaleyfa. Athugasemdir eru ekki gerðar við reglurnar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:10

Loftur Þór Pétursson

Árni Sverrisson

Andrés Pétursson

Richard Hansen

Bryndís Hilmarsson

Jón Bjarni Þorsteinsson

Sigurgeir Ólafsson